

7. mars 2013

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á árinu 2012

Hagnaður Vodafone vex milli ára

- ✓ Tekjur samstæðunnar námu 13.345 m.kr. á árinu 2012 og hækkuðu um 3% frá fyrra ári
- ✓ EBITDA nam 2.768 m.kr. og hækkaði um 14,6% milli ára
- ✓ EBITDA leiðrétt fyrir einskiptisliðum nam 2.882 m.kr. og hækkaði um 19% milli ára
- ✓ Hagnaður fyrir skatta nam 581 m.kr.

Yfirlit lykiltalna:

Reikningstímabil:	2012	2011	4F 2012	4F 2011
Rekstur:				
Sala	13.345	12.953	3.327	3.248
Framlegð	5.688	5.044	1.350	1.206
EBITDA, leiðrétt*	2.882	2.416	641	600
EBITDA	2.768	2.416	601	600
EBIT	1.244	947	204	230
Hagnaður fyrir tekjuskatt	581	269	64	49
<i>*EBITDA leiðrétt fyrir kostnaði við skráningu hlutabréfa</i>				
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	2.295	1.716	583	333
Fjárfestingahreyfingar	-1.271	-1.372	-629	-378
Fjármögnunarhreyfingar	-296	-742	-39	-196
Handbært fé í árslok	1.010	275	1.010	275
	31.des.12	31.des.11		
Eignir:				
Rekstrarfjármunir	4.259	4.534		
Óefnislegar eignir	7.129	7.057		
Skattinneign	884	987		
Handbært fé	1.010	275		
Aðrar eignir	2.997	2.911		
Eignir samtals	16.278	15.764		
Skuldir og eigið fé:				
Eigið fé	6.782	3.975		
Vaxtaberandi skuldir	7.172	9.435		
Aðrar skuldir og skuldbindingar	2.324	2.354		
Eigið fé og skuldir:	16.278	15.764		



Rekstrarafkoma ársins 2012:

Tekjur samstæðunnar námu 13.345 m.kr. og hækkuðu um 3,0% frá fyrra ári. Góður undirliggjandi tekjuvöxtur var í flestum tekjubáttum starfseminnar. Mestur vöxtur var í sjónvarpsþjónustu og gagnaflutningi. Farsímatekjur sem mynduðu 43% tekna samstæðunnar á árinu stóðu í stað milli ára á meðan tekjur af fastlínu drógust saman um 4%. Framlegðarhlutfall nam 42,6% samanborið við 38,9% árið 2011.

Breytingar á lúkningar- og samtengigjöldum hafa áhrif til lækkunar á tekjum félagsins sem og kostnaðarverði seldrar þjónustu. Heilt yfir höfðu breytingarnar jákvæð áhrif á afkomu félagsins á árinu.

EBITDA hagnaður nam 2.768 m.kr. á árinu 2012 og hækkar um 352 m.kr. á milli ára. Skráning hlutabréfa félagsins á aðallista NASDAQ OMX Iceland kostaði 114 m.kr. og er sá kostnaður færður meðal rekstrarkostnaðar í uppgjöri ársins. Sé EBITDA hagnaður ársins leiðréttur fyrir þeim einskiptiskostnaði þá nam hann 2.882 m.kr. og hækkar um 19% frá árinu 2011.

Hrein fjármagnsgjöld námu 663 m.kr. og lækkuðu um 15 m.kr. frá fyrra ári. Félagið gaf út nýtt hlutafé í ágúst 2012 og nýtti söluandvirði nýrra hluta til niðurgreiðslu langtímalána en samhliða voru langtímalán félagsins endurfjármögnuð til 15 ára á hagstæðari kjörum. Vodafone nýtti 289 m.kr. af sjóðstreymi frá rekstri til niðurgreiðslu lána.

Hagnaður fyrir skatta nam 581 m.kr. en félagið nýtti skatteign á móti reiknuðum tekjuskatti. Arðsemi af meðalstöðu eiginfjár nam 11,7% á árinu.

Sjóðstreymi ársins 2012

Handbært fé frá rekstri nam 2.295 m.kr. og jókst um 34% frá fyrra ári. Greiðslubyrðni langtímalána var létt á fjórða ársfjórðungi 2012 en ársfjórðungslegir gjalddagar hefjast á 1. ársfjórðungi 2013.

Fjárfestingarhreyfingar námu 1.271 m.kr. eða 9,5% af veltu sem er innan alþjóðlegra viðmiða um að fjárfestingar séu á bilinu 8-12% af veltu. Til samanburðar námu fjárfestingar síðasta árs 10,6% af veltu ársins 2011. Handbært fé í árslok nam 1.010 m.kr.



Efnahagur 31. desember 2012:

Heildareignir í árslok námu 16.278 m.kr. og hækkuðu um 514 m.kr. frá upphafi ársins. Viðskiptavild Vodafone er verðmætasta eign félagsins en bókfært virði hennar nam 5.811 m.kr. í árslok. Unnið var virðisrýrnunarpróf á viðskiptavildinni og samkvæmt niðurstöðu prófsins í árslok 2012 hefur ekki komið til virðisrýrnunar á viðskiptavild. Lækkun á bókfærðu virði rekstrarfjármuna skýrist nær alfarið af því að afskriftir fjarskiptabúnaður voru umfram fjárfestingar á árinu. Skatteign í árslok nam 884 m.kr. en á árinu nýtti félagið 181 m.kr. af skatteign á móti hagnaði og greiddi því engan tekjuskatt. Aukin fjárfesting í veltufjármunum skýrist alfarið af hærri sjóðsstöðu sem skýrist að hluta af léttri greiðslubyrðni af langtímalánum á seinnihluta ársins.

Eigið fé nam 6.782 m.kr. í árslok og var eiginfjárlutfallið 41,7%. Vodafone gaf út nýtt hlutafé í september 2012 og var söluandvirði þeirra að frádregnum kostnaði, alls 1.974 m.kr., nýtt til afborgunar á langtímalánum.

Vaxtaberandi skuldir námu 7.172 m.kr. í árslok og lækkuðu um 2.263 m.kr. frá lokum fyrra árs. Í árslok samsvöruðu hreinar vaxtaberandi skuldir 2,2-faldri EBITDA ársins 2012.

Rekstrarafkoma fjórða ársfjórðungs 2012:

Tekjur fjórða ársfjórðungs námu 3.327 m.kr. og hækkuðu um 2% frá fyrra ári. Sjónvarpstekjur jukust um 13% frá sama tímabili árið 2011 og gagnaflutningstekjur um 4% á meðan fastlínutekjur drógust saman um 5%. Meðal þess sem hafði áhrif á tekjumyndun fjórðungsins voru frídagar í desember. Framlegð nam 1.350 m.kr. og framlegðarlutfallið var 40,6% samanborið við 37,1% árið á undan. EBITDA (leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði) nam 641 m.kr. eða sem samsvarar 19,3% af tekjum. Hagnaður fjórðungsins fyrir skatt nam 64 m.kr. og jókst um 31% frá fyrra ári.

Sjóðstreymi fjórða ársfjórðungs:

Sjóðstreymi var sterkt á fjórða ársfjórðungi, handbært fé frá rekstri nam 583 m.kr. Greiðslubyrðni lána var létt á fjórðungnum og skýrir það, ásamt hærri rekstrarframlegð, mikla aukningu í handbæru fé frá rekstri. Fjárfestingar voru miklar á fjórðungnum en 49% af fjárfestingum þessa árs féllu til á fjórða ársfjórðungi. Það skýrist af því að félagið vann fram eftir ári að gerð samstarfssamnings við Huawei sem undirritaður var undir árslok og fjárfesti félagið samkvæmt þeim samningi fyrir árslok.



Ómar Svavarsson, forstjóri:

„Árið 2012 var viðburðarríkt ár í sögu Vodafone. Um mitt ár 2012 var tekin ákvörðun um að stefna að skráningu félagsins á aðallista NASDAQ OMX Iceland og þá tóku við annasamir dagar við undirbúning og breytingar. Félagið var sameinað móðurfélagi sínu, ráðist var í hlutafjárútkningu með forgangsrétti hluthafa, langtímalán voru endurfjármöggnuð að hluta og eftirstöðvar endurfjármagnaðar til 15 ára á hagstæðari kjörum. Hlutabréf Vodafone voru tekin til viðskipta þann 18. desember 2012 undir auðkenninu VOICE. Við erum ánægð með skráninguna og þökkum viðtökurnar á markaði.

Rekstrarafkoma Vodafone á árinu 2012 var góð. Hún er staðfesting á því góða starfi sem starfsfólk hefur unnið á undanföllum misserum og fyrir það vil ég þakka.

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að jafna lúkningsverð símtala milli allra farsímaneta frá 1. janúar 2013 urðu tímamót í samkeppni á íslenskum farsímamarkaði. Samkeppnisstaða farsímafélaganna hefur verið jöfnuð og verður það drifkraftur frekari breytinga á markaðnum á árinu 2013.

Vodafone hefur samið við Huawei, stærsta framleiðanda farsímabúnaðar í heimi, um áframhaldandi samstarf til næstu fimm ára. Snjalltækjavæðing einstaklinga og fyrirtækja eykst hröðum skrefum og þörfin fyrir aukinn hraða í gagnaflutningum vex stöðugt. Við njótum ráðgjafar og stuðnings Vodafone Global við uppbyggingu fjórðu kynslóðar farsímakerfa og var það samstarf árangursríkt á árinu 2012. Þá höfum við ákveðið að semja um afnot af háhraða gagnaflutningsstreng sem Emerald Networks hefur ráðgert að leggja til Íslands. Við ætlum að auka enn á þjónustugæði okkar og við höfum sett okkur það markmið að eiga ánægðustu viðskiptavinina á Íslandi. Við teljum okkur hafa alla burði til að standa okkur vel í harðri samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði, viðskiptavinum og hluthöfum til hagsbóta.“

Fjárhagsdagatal 2013:

- ✓ Aðalfundur Fjarskipta hf. Vika 15

Birtingadagar fyrir reikningsárið 2013:

- ✓ 1. ársfjórðungur 2013 29.maí 2013
- ✓ 2. ársfjórðungur 2013 28. ágúst 2013
- ✓ 3. ársfjórðungur 2013 27. nóvember 2013